



**Stjórnarfundur, haldinn í Félagi skógarbænda á Norðurlandi, 18. nóvember
2016 kl. 14:00.**

Mætt: Sigurlína Jóhannesdóttir og Baldvin Harladsson. Aðrir stjórnarmenn boðuð forföll vegna veðurs. Einnig sátu fundinn, Agnes Þórunn Guðbergsdóttir, stjórnarmaður LSE og Valgerður Jónsdóttir, starfsmaður Skógræktarinnar, sem jafnframt skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Erindi frá LSE

- Skipun í starfshóp LSE, um hlutverk samtakanna.

Samþykkt að leita til Bjartmars Freys Erlingssonar, skógarbónda á Hamri í Langadal.

- Könnun á áhuga félagsmanna á námskeiðum

LSE beinir því til aðildarfélaganna, að þau finni leiðir til að kanna áhuga á meðal félagsmanna á námskeiðum. Talsverðar umræður urðu um þessi mál og menn sammála um nauðsyn þess að félagsmönnum stæðu til boða námskeið tengd skógrækt. Samfara þeim skipulagsbreytingum sem nú eiga sér stað í skógargeiranum, með tilkomu Skógræktarinnar, hefur verið stofnaður hópur sem hefur það verkefni að gera tillögu að fræðslu- og kynningarmálum. Samþykkt að kanna hvort LSE geti haft aðkomu að þeirri vinnu.

- LSE hefur kynnt aðildarfélögunum, að til umræðu sé að breyta aðalfundarformi samtakanna þannig að á aðalfundi samtakanna verði einungis fulltrúar frá aðildarfélögunum með atkvæðisrétt, en áfram verði fundurinn öllum félagsmönnum opin. Því er beint til aðildarfélaganna að þau ræði þessa tillögu á meðal sinna félagsmanna. Skiptar skoðanir eru á þessum málum innan stjórnar Félags skógarbænda á Norðurlandi. Samþykkt að taka málið til umræðu á næsta aðalfundi félagsins.

2. Aðalfundur Félags skógarbænda á Norðurlandi

Ætlunin var að ákveða stað og stund fyrir næsta aðalfund, en í ljósi þess hversu margir stjórnarmenn voru ekki mættir, var ákveðið að fresta þessum lið til næsta stjórnarfundar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:30